

Rýmingaráætlun Varmárskóla, endurskoðuð að vori 2022

Rýmingaráætlun skólans var endurskoðuð vorið 2022 í samráði við fyrirtækið Bráðalausnir.

Fari brunaviðvörðunarkerfið í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Húsvörður og skólastjóri eða staðgenglar fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, slökkva á hringingu, aðgæta hvaðan brunaboðið kemur og kanna nánar hvað um er að vera.
2. Starfsmenn skólans og nemendur halda kyrru fyrir í því rými sem þeir eru staddir og undirbúa rýmingu meðan þeir bíða frekari fyrirmæla frá ritara.
3. Kennarar undirbúa rýmingu í kennslustofu. Börnin fara í stafrófsröð.
4. Ritari tilkynnir í kalli kerfi um hvort rýma skuli skólann.

Ef til rýmingar kemur

5. Nemendur fara hefðbundna leið út þ.e.a.s. þá leið sem þeir ganga daglega í og úr skólastofunni út úr skólanum, fer þó eftir aðstæðum hverju sinni, sjá teikningu um aðrar útgönguleiðir.
6. Starfsmenn fylgja sínum nemendum eða yfirgefa bygginguna eftir flóttaleiðum. Stuðningsfulltrúar fara yfir sína ganga og yfirfara öll rými. Skólaliðar yfirfara starfsmannarými og kjallara.
7. Verði eldur laus í útistofum (húsunum) skal samstundis rýma. Annars er nemendum haldið þar inni.
8. Ritari tekur bekkjarlista allra bekkja með út á söfnunarsvæði og afhendir kennurum.
9. Þegar út er komið safnast allir saman á söfnunarsvæði sem er á fótboltavelli skólans. Bekkirnir fara í beinar raðir eftir árgöngum og í stafrófsröð. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafa komist út. Þeir starfsmenn sem ekki hafa ákveðið hlutverk safnast saman framan við raðir nemenda.
List- og verkgreinakennarar og aðrir sem ekki eru með umsjón bera ábyrgð á að koma nemendum réttan umsjónarhóp.
10. Skólastjórnandi fer á milli hópa og fær upplýsingar um hvort öll börnin hafi skilað sér með hópnum út, ef ekki þá kannar hann hvar þau sáust síðast í skólanum eða hvort um fjarvist er að ræða.
11. Húsvörður/skólastjórnandi eða staðgenglar, hafa samband við slökkvilið í síma 112 og tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu ef ekki er um eld að ræða.
12. Slökkviliðið kemur á staðinn, skólastjóri gefur varðstjóra upplýsingar um hvort einhver börn hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
13. Sé veður slæmt/eða reykur leggur yfir söfnunarsvæðið er farið með börnin inn í íþróttahús, þar eiga þau að fara í raðir eftir árgöngum.

Hlutverk starfsmanna:

Sé nemandi í hjólastól þarf þrjá starfsmenn til aðstoðar. Þeir kennarar eða aðrir starfsmenn sem eru ekki með nemendur á rýmingartíma fara til aðstoðar.

Lyfta: Deildarstjóri miðstigs læsir lyftu.

Bókasafn: Bókavörður rýmir safnið

Matsalur nemenda: Þeir starfsmenn sem eru í salnum sjá til þess að allir nemendur yfirgefi salinn.

Eldhús, fundarherbergi, salerni starfsfólks og skrifstofur á neðri gangi: Starfsmaður í eldhúsi /matráður rýmir það svæði.

Vinnuherbergi kennara: Deildarstjóri miðstigs rýmir og lokar hurðum.

Salerni: Skólaliðar rýma.

Gæsla við aðalinngang: Húsvörður þar til hættuástandi er aflýst eða slökkvilið tekur við

Gæsla við inngang 1.-2. bekkjar: Deildarstjóri yngsta stigs þar til hættuástandi er aflýst eða slökkvilið tekur við.

Gæsla við inngang 5. og 6. bekkjar. Deildarstjóri miðstigs þar til hættuástandi er aflýst eða slökkvilið tekur við.

Gæsla við útgang úr smíðastofu: Stuðningsfulltrúi gætir inngangs þar til hættuástandi er aflýst eða slökkvilið tekur við.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka hurðum á eftir sér (ekki læsa) til að draga úr reyklæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er. Muna að halda ró sinni og alls ekki hlaupa eða ryðjast á leið út.

Uppfært í maí 2022